



Framhaldsaðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn föstudaginn 19. júní 2020

og hófst kl. 14:00 á Háalofti

Mætt voru:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir - stjórnarformaður Hörpu
Arna Schram – stjórnarmaður Hörpu
Árni Geir Pálsson – stjórnarmaður Hörpu
Aðalheiður Magnúsdóttir – stjórnarmaður Hörpu
Guðni Tómasson -stjórnarmaður Hörpu
Ebba Schram – borgarlögmaður
Þorsteinn Gunnarsson – borgarritari
Birgir Björn Sigurjónsson – fv. fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Sigurður H. Helgason – skrifstofustjóri fjármála – og efnahagsráðuneytið
Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu
Berglind Ólafsdóttir – starfsmaður Hörpu
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu
Elva Dögg Melsteð – starfsmaður Hörpu
Eypór Árnason– starfsmaður Hörpu
Elín Gränz – starfsmaður Hörpu
Lárus Elíasson – starfsmaður Hörpu
Þórður Sverrisson – fv. stjórnarformaður Hörpu
Sighvatur Halldórsson – PwC
Magnús O. Haraldsson – PwC
Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ebba Schram borgarlögmaður tæki að sér fundarstjórn og að Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

2. Könnun á lögmati fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins þann 5. júní með tölvupósti til hluthafa og með auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu og á heimasíðu Hörpu

sama dag. Af hálfu hluthafa mætti Sigurður H. Helgason með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra (54%) og Þorsteinn Gunnarsson með umboð frá borgarstjóra (46%). Fundarstjóri kallar eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Gengið er til dagskrár.

3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2018

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðaðs ársreiknings og helstu skýringum. Ársreikningur, sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var borinn upp til samþykktar hluthafa og var hann samþykktur.

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn leggur til að afkoma ársins yfirfærast til næsta árs og að ekki verði greiddur arður. Samþykkt.

8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um að eftirfarandi fimm aðilar yrðu kjörnir í stjórn félagsins og að Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir yrði kjörin formaður stjórnar.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, formaður
2. Guðni Tómasson
3. Aðalheiður Magnúsdóttir
4. Arna Schram
5. Árni Geir Pálsson

9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykktar fyrir félagið.

10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt. Tillagan var samþykkt.

11. Starfskjarastefna Hörpu.

Starfskjarastefna Hörpu var undirrituð af stjórn 25. sept. 2019. Starfskjarastefnan var send fulltrúum eigenda og lagt er til að hún verði samþykkt óbreytt. Samþykkt.




12. Önnur mál

3

Magnús O. Haraldsson endurskoðandi hjá PwC lagði til að svohljóðandi tillaga yrði borin upp við dagskrárlið 4; *Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð*:

Stjórn leggur til að tillaga í lögbundinn varasjóð, sbr. skýrslu stjórnar á bls. 3 og skýringu 9 á bls. 15 í ársreikningi, verði samþykkt.

Engar athugasemdir voru gerðar við framangreinda málsmeðferð og fulltrúar eigenda samþykktu að leggja tillöguna fyrir fundinn. Tillagan var því talin vera löglega borin upp á grundvelli 8. tölul. 13. gr. samþykka fyrir félagið.

Tillagan var samþykkt af fulltrúum eigenda.

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 14:40.



Ebba Schram, fundarstjóri



Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari